

Efni: Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þingskjal 183-114. mál (umskurn drengja)

Nú á 148. löggjafarþingi 2017–2018 liggur fyrir frumvarp til laga er varða hegningarlög og bann við umskurn drengja. Lög sem þessi eru langt frá því að vera nýstárleg eins og sumir virðast halda. Lög af þessu tagi hafa reglulega verið lögfest frá fornu fari og settu sterkan svip á síðustu öld. Blóði drifin saga slíkra laga er óumdeilanleg staðreynd sem ekki er hægt að líta framhjá. Lög um bann við umskurn sveinbarna er samofin sögu Gyðinga sem hafa umskurn inngróna í menningu sína og þjóðarvitund. Lög um umskurn sveinbarna hafa nánast alltaf verið undanfari grimmilegra ofsókna og ofbeldis þeim á hendur.

Þegar stiklað er á stóru má meðal annars nefna Antiochus Ephihanes 175 f.k sem réð yfir landsvæði Gyðinga og bannaði umskurð með hörðum refsilögum. Hann háði herferð til að útrýma síðum þeirra og trú og ofsótti gyðinga af mikilli hörku, slátraði miklum fjölda og kúgaði.(Wisthon,1999 ) Gyðingar halda enn á okkar tímum árlega Hanukkah hátíð, hátíð ljóssins, í desember til að fagna því þegar þeir náðu að losna undan þeirri grimmilegu kúgun. Hadrian Rómars keisari setti árið 135 e.k. alheimsbann við umskurn sveinbarna og í kjölfarið fylgdu tilheyrandi ofsóknir sem enduðu með því að 580.000 Gyðingar voru myrtir samkvæmt rómverska sagnaritaranum Cassius.(Cassius,) Ekkert er nýtt undir sólinni..

Tiltölulega stutt er síðan Jósef Vissarionovich Stalín komst til valda í Sovétríkjunum. Hann er af mörgum talinn hafa látið drepa fleiri Gyðinga en sjálfur Hitler. Margir núlifandi einstaklingar lifðu þennan tíma. Kommúnistaflokkur Stalíns bannaði umskurn eins og þau lög gera sem núna eru til umfjöllunar á Alþingi Íslendinga.(Slepak,)(Bloomberg,) Í framhaldinu komu ofsóknir, illska og ofbeldi af stærðargráðu sem heimurinn hafði ekki séð og milljónir lágu í valnum. (Arkady, 1994) Undrast einhver þótt Gyðingum hrylli við lagasetningunni sem nú er fyrirhuguð? Lög ber að skoða í ljósi sögu þeirra, reynslu af lögnum og samfélagslegra áhrifa nær og fjær. Það er engum vafa undirorpið að dómur sögunnar er að þessi lög hafa aldrei leitt af sér annað en gríðarlegan skaða. Áhrif laganna eru því að fullu fyrirsjáanleg og skaðinn verður augljóslega því meiri eftir því hversu mikinn hljómgrunn þau fá á alþjóðlegum vettvangi. Ábyrgð háttvirtra Alþingismanna er skýr við innleiðingu laga og nær til áhrifa þeirra héraðs og á alþjóðavettvangi.

Umskurn drengja á Íslandi eru með eindæmum fáar. Öllum er það ljóst. Það gæti því hæglega virðst sem tilgangur laganna sé að gera Ísland að kyndilbera nýrrar rétttrúnaðarstefnu í alþjóðlegri herferð? Íslendingum er almennt mjög umhugað um ímynd lands og þjóðar. Fulltrúar Íslendinga á Alþingi fara fremstir í að móta hana með því að endurspegla gerð þjóðarinnar við innleiðingu þeirra laga sem einkenna samfélagið. Mikilvægt er því að háttvirtir Alþingismenn athugi gaumgæfilega svarið við eftirfarandi spurningu:

Eru Íslendingar í raun vissir um að vilja vera frægir fyrir að bera fram þessi fornu lög í nýjum búningi og heiðra þannig minningu þessara frægu manna sem hér hafa verið nefndir? Umræða um refsilög við umskurn er ný á Íslandi og nokkuð sýnt er að stór hluti Íslendinga er ekki að gera sér fyllilega grein fyrir í hvaða fótspor er verið að feta. Í Þýskalandi fyrir 1933 áttu sér stað áralangar pólitískar umræður um tvo síði gyðinga; umskurn og Kosher slátrun. Áróðursmaskína Nazista undir handleiðslu Joseph Goebbels lagði mikla áherslu á að mála umskurn sem gimmdarlegan sið (Judd, 2007). Þeir náðu síðan völdum og allir þekkja eftirleikinn. Á Íslandi þarf upplýstari og ýtarlegari umræðu til að taka svona alvarlega

ákvörðun. Íslendingar hafa unnið ötullega að því að byggja upp þjóðfélagsmynd þar sem lýðræðisleg gildi eru höfð í hávegum, mannréttindi virt, trúfrelsi ríkir, virðing er borin fyrir mismunandi menningarheimum og minnihlutahópar eru ekki kúgaðir. Mannkynið þarf á slíku að halda og Ísland getur vel verið góð fyrirmynd að slíku samfélagi. Með því að setja svona bann eru Íslendingar hugsanlega búnir að fyrirgera slíkri ímynd langt út þessa öld.

Arnljótur Davíðsson, Maríubakki 12, 109 Reykjavík, S:6937805

Heimildir:

The Compleat work of Josephus, William Wihston, 1999

Cassius Dio, The Roman History, 1987

The Gates of November, Vladimir Slepak, 2010.

The Jewish World in the Modern Age, Jon Bloomberg, 2004

Stalins against the Jews, Vaksberg Arkady, 1994

Contested Rituals, Robin Judd, 2007

